

Nd.

87. Frumvarp

til laga um sölu á kolum eftir máli.

Flutningsmaður: Magnús Jónsson.

1. gr.

Allir, sem kol selja í landinu, hvernar tegundar sem þau eru, þar með talin gastæmd kol (koks), skulu selja þau eftir máli, þannig að verðið sje mið- að við rúmmál þeirra, talið í hektólitrum, nema kaupandi æski sjálfur, að kolin sjeu honum úti látni eftir þyngd.

Ákvæði þetta tekur ekki til sölu í heilum skipsförmum eða hluta úr þeim, er koma til landsins frá útlöndum.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum, frá 100—500 krónum, er renna í rikissjóð.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Það er alkunnugt, að kol eru iðulega geymd undir beru lofti, og verða kaupendur þeirra þá fyrir miklum halla, er þeir kaupa þau með eins miklu af vatni eins og í þeim getur tollað. Nemur það sjálfsagt miklum npphæðum, sem kaupendur kolanna eru látnir borga fyrir vatn og snjó, þegar kolin eru seld eftir þyngd. Einkum nemur þetta miklu á þyngd gastæmdra kola (koks). Gerir þetta og mikið misrjetti milli þeirra, sem vanda til geymslunnar (geyma kolin í húsi), og hinna, er minna kosta til, en fá meira fyrir vöruna.

Hið eina, sem vafasamt má telja við frv. þetta, er það, að mjög stórgerð kol mundu mælast illa, en þó mun það ekki vera algengt, að kol sju svo laus við mylsnu, að verulegar holur myndist í mælikerunum. Þá mætti og koma í veg fyrir halla af þessu með því að ákveða minstu þyngd, sem mætti vera á hektóliter, en jeg hefi þó ekki tekið það upp í frv. af ótta fyrir að það yrði gagnslítið í framkvæmd.

Þetta sölufyrirkomulag mun nú tíðkast allmikið í nágrennalöndum vorum, að minsta kosti um gastæmd kol.

Rjett þótti að undanþiggja þessum lögum þá verslun með kol, þar sem kaupandi sjálfur æskir að fá kolin eftir þyngd. Er ekki ósennilegt, að það mundi verða notað, þegar allmikið er tekið í einu og kaupandinn er ekki hræddur um misnotkun á þessu, t. d. þegar skip taka kol. Lögín eru aðallega ætluð til þess, að vernda kolakaup almennings til heimilisnotkunar.

Þau óþægindi, sem fyrst í stað hlytust af þessari breytingu, að menn ættu erfðara með að átta sig á verði kolanna, mundu fljótt hverfa. Hektóliter mun vera mjög nálægt $\frac{1}{2}$ skippundi af venjulegum kolum.